



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 6. júlí 2017

### Breytingar á reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 15. júní sl. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini. Breytingar þessar eru óverulegar en þær lúta að nákvæmara orðalagi í 1. gr. reglugerðarinnar. Í breyttu ákvæði 1. gr. er nú tekinn af allur vafi um á hvaða leiki aðgönguskírteini A og DE heimila ókeypis aðgang að.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

### Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

1.gr.

#### *Gerðir skírteina*

- 1.1. Knattspyrnusamband Íslands gefur út eftirfarandi aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að knattspyrnuleikjum sem hér segir:

Aðgönguskírteini A, sem gildir á alla leiki í mótum á vegum KSÍ og landsleiki KSÍ innanlands.

Aðgönguskírteini DE, sem gildir á alla leiki í mótum á vegum KSÍ og landsleiki KSÍ innanlands.

Aðgönguskírteini PD, sem gildir á leiki í Pepsi-deild karla.

Aðgönguskírteini 1D, sem gildir á leiki í 1. deild karla.

Aðgönguskírteini 2D, sem gildir á leiki í 2. deild karla.

Aðgönguskírteini 3D, sem gildir á leiki í 3. deild karla

Aðgönguskírteini 4D, sem gildir á leiki í 4. deild karla

Aðgönguskírteini KV, sem gildir á leiki í Pepsi-deild kvenna.

Aðgönguskírteini 1KV, sem gildir á leiki í 1. deild kvenna.

Aðgönguskírteini F, sem gildir á alla leiki aðra en landsleiki

- 1.2. Knattspyrnusambandið skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini og skal hún aðgengileg aðildarfélögum.
- 1.3. Framkvæmdaraðili leiks getur krafist þess, að réttthafar skírteina sæki aðgöngumiða gegn framvísun skírteinis og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf. Slíkt fyrirkomulag skal auglýst í fjölmiðlum.


---

## Samantekt

Í grein 1.1. í reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini hefur verið gerð sú breyting á orðalagi að nú segir að aðgönguskírteini A og DE gilda á alla leiki í mótum á vegum KSÍ og landsleiki KSÍ innanlands. Áður sagði í ákvæðinu að aðgönguskírteini A og DE gildi á alla leiki. Líkt og áður segir gerir þessi breyting það að verkum að nú er allur vafi tekinn af því á hvaða leiki A og DE aðgönguskírteini heimila ókeypis aðgang að.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,  
lögfræðingur hjá KSÍ.